

SAMANTEKT

Samantekt þessi er gerð í samræmi við 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 („**lýsingarreglugerðin**“) og 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/979 um viðbætur við lýsingarreglugerðina. Samantektin er í eftirfarandi fjórum hlutum: a) inngangur og varnaðarorð, b) lykilupplýsingar um bankann, c) lykilupplýsingar um verðbréfin, og d) lykilupplýsingar um útboðið.

A. Inngangur og varnaðarorð

Samantekt þessa ætti að lesa sem inngang að útgáfulýsingu Íslandsbanka hf. („**bankinn**“), sem samantekt þessi er hluti af, dags. 7. júní 2021 („**lýsingin**“). Samantektina ætti að lesa sem inngang að lýsingunni. Fjárfestir ætti að byggja sérhverja ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum bankans á lýsingunni í heild sinni. Fjárfesting í verðbréfum bankans felur í sér innbyggða áhættu og fjárfestir sem fjárfestir í verðbréfunum gæti tapað allri fjárfestingu sinni, eða hluta hennar.

Ef krafa vegna upplýsinga í lýsingunni er lögð fyrir dómstóla gæti stefnandi, í samræmi við landslög, þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málaferli hefjast. Þeir aðilar sem tekið hafa saman samantektina, þ.m.t. þýðingar á henni, geta sætt skaðabótaábyrgð en aðeins að því marki sem samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi þegar hún er lesin í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef samantektin, lesin ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar, veitir fjárfestum ekki lykilupplýsingar til að aðstoða við ákvarðanatöku um hvort fjárfesta eigi í slíkum verðbréfum.

Bankinn lýsir því yfir að lýsingin, sem samantekt þessi er hluti af, var tekin saman í tengslum við töku hlutabréfa í bankanum til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf. Ekki er veitt heimild til notkunar lýsingarinnar í öðrum tilgangi.

Útgefandi	Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160
Heimilisfang útgefanda.....	Hagasmári 3, 201 Kópavogur, Ísland
ISIN.....	IS0000028538
LEI kenninúmer útgefanda (LEI).....	549300PZMFIQR79Q0T97
Heimasíða útgefanda.....	www.islandsbanki.is
Símanúmer	+354 440 4000
Seljandi	Bankasýsla ríkisins [fyrir hönd ríkissjóðs]
LEI kenninúmer seljanda	6488047M1L91ULCEC736
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands kt. 560269-4129 Kalkofnsvegur 1, 101 Reykjavík, Ísland tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Dagsetning lýsingar	7. júní 2021

B. Lykilupplýsingar um bankann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Bankinn er hlutafélag sem stofnað var 9. október 2008 skv. lögum, nr. 2/1995, um hlutafélög og er skráður með kennitölu 491008-0160 hjá fyrirtækjaskrá Skattsins. Bankinn er staðsettur á Íslandi við Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Símanúmer bankans er +354 440 4000. LEI kenninúmer bankans er 549300PZMFIQR79Q0T97.

Bankinn er með starfsleyfi sem viðskiptabanki á Íslandi skv. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga, nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og býður upp á alhliða þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Bankinn er einn af þremur helstu bönkum á Íslandi og nýtur sterkrar stöðu á markaði þvert á allar þjónustur. Samkvæmt könnun Gallup í desember 2020 var bankinn með um 31% markaðshlutdeild í einstaklingsbankaþjónustu, 35% markaðshlutdeild meðal smærri og meðalstórra fyrirtækja, og 35% markaðshlutdeild í fyrirtækja- og fjárfestingarbankastarfsemi. Bankinn vill vera hreyfiafl til góðra verka með því að styðja viðskiptavinum sína í að ná árangri og forgangsraða sjálfbærni sem órjúfanlegum drifkrafti í stefnumótun og verðmætasköpun.

Við dagsetningu lýsingarinnar er íslenska ríkið, í gegnum Bankasýslu ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs („**seljandi**“) og Eignarhluta ehf., eigandi 100% útgefins hlutafjár í bankanum („**hlutaféð**“). Bankinn er hvorki í beinni né óbeinni eigu annars aðila en íslenska ríkisins, í gegnum seljanda.

Eftirfarandi yfirlit tiltekur þá einstaklinga sem skipa stjórn bankans, hvenær þeir eru fæddir og hvaða ár þeir voru fyrst kosnir í stjórn bankans, staða þeirra innan stjórnarinnar og hvort þeir séu álitnir óháðir bankanum og seljandanum skv. leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja og stjórnarháttayfirlýsingu bankans, sem staðfest var af stjórn bankans þann 10. febrúar 2021:

Nafn	Staða	Fæðingarár	Í stjórn síðan	Óháð/-ur
Hallgrímur Snorrason	Stjórnarformaður	1947	2016	Já
Anna Þórðardóttir	Stjórnarmaður	1960	2016	Já
Árni Stefánsson	Stjórnarmaður	1966	2016	Já
Frosti Ólafsson	Stjórnarmaður	1982	2020	Já
Guðrún Þorgeirsdóttir	Stjórnarmaður	1979	2020	Já
Heiðrún Jónsdóttir	Stjórnarmaður	1969	2016	Já
Jökull H. Úlfsson	Stjórnarmaður	1963	2021	Já

Eftirfarandi yfirlit tiltekur þá einstaklinga sem skipa framkvæmdastjórn bankans, fæðingarár þeirra og það ár sem þeir voru skipaðir til að gegna núverandi stöðu innan framkvæmdastjórnar bankans:

Nafn	Staða	Fæðingarár	Skipuð/-aður
Birna Einarsdóttir	Bankastjóri	1961	2008
Jón Guðni Ómarsson	Framkvæmdastjóri fjármála	1976	2011
Guðmundur Kristinn Birgisson	Framkvæmdastjóri áhættustýringar	1967	2018
Riaan Dreyer	Framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs	1975	2019
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir	Framkvæmdastjóri einstaklinga	1977	2017
Una Steinsdóttir	Framkvæmdastjóri viðskiptabanka	1966	2008
Ásmundur Tryggvason	Framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta	1975	2019

Í samræmi við 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, tekur ytri endurskoðun hlutafélaga þar sem íslenska ríkið er meirihluta eigandi, til starfssviðs ríkisendurskoðanda. Samkvæmt ákvæðum laganna er ríkisendurskoðanda heimilt að fela endurskoðendum, endurskoðunar-fyrirtækjum og öðrum sérfræðingum að vinna í umboði sínu að einstökum verkefnum sem Ríkisendurskoðun eru falin með lögum.

Undir fyrra eignarhaldi hafði bankinn valið Ernst & Young ehf., sem ytri endurskoðendur bankans að undangengnu valferli sem endurskoðunarnefnd bankans stóð að. Eftir að íslenska ríkið eignaðist öll hlutabréf í bankanum hefur Ernst & Young ehf. sinnt störfum sínum sem ytri endurskoðandi á grundvelli samkomulags við Ríkisendurskoðun. Við lok samningstímans var hann framlengdur um tvö ár og er yfirstandandi reikningsár seinna árið af tveimur.

Helstu fjárhagsupplýsingar um bankann

Byggt á reikningum samstæðu bankans*

	31. mars		Uppgjör ársins		
	2021	2020	2020	2019	2018
	<i>(tölur í milljónum króna)</i>				
Hreinar vaxtatekjur.....	8.190	8.580	33.371	32.822	31.937
Hreinar þóknunatekjur.....	2.862	2.491	10.525	10.899	12.227
Aðrar hreinar rekstrartekjur.....	546	(1.664)	(743)	1.444	823
Rekstrartekjur samtals.....	11.598	9.407	43.153	45.165	44.987
Rekstrargjöld samtals.....	(6.445)	(6.279)	(25.013)	(28.952)	(32.104)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna.....	5.153	3.128	18.140	16.213	12.883
Hrein virðisbreyting.....	(518)	(3.490)	(8.816)	(3.480)	1.584
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....	4.635	(362)	9.324	12.733	14.467
Tekjuskattur.....	(1.036)	(769)	(2.472)	(3.909)	(4.734)
Hagnaður (tap) tímabilsins af áframhaldandi starfsemi.....	3.599	(1.131)	6.852	8.824	9.733
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti.....	16	(245)	(97)	(370)	912
Hagnaður (tap) fyrir tímabilið.....	3.615	(1.376)	6.755	8.454	10.645

*Í uppgjörum fyrsta ársfjórðungs 2020 og árána 2019 og 2020 var dótturfélagið Borgun hf. („Borgun”) flokkað sem aflögð starfsemi.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

	31. mars		Uppgjör ársins		
	2021	2020	2020	2019	2018
	<i>(tölur í milljónum króna)</i>				
Eignir					
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands.....	88.748	78.948	146.638	135.056	
Útlán til lánastofnana.....	103.333	89.920	54.376	41.577	
Skuldabréf og skuldagerningar.....	103.627	128.216	52.870	69.415	
Afleiðusamningar.....	2.536	6.647	5.621	4.550	
Útlán til viðskiptavina.....	1.029.415	1.006.717	899.632	846.599	
Hlutabréf og eiginfjárgæringar.....	25.763	14.851	18.426	13.074	
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum.....	841	775	746	682	
Rekstrarfjármunir.....	7.191	7.341	9.168	5.271	
Óefnislegar eignir.....	3.357	3.478	4.330	5.002	
Aðrar eignir.....	17.566	4.125	6.608	7.947	
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi.....	2.858	3.173	1.075	1.230	
Eignir samtals.....	1.385.235	1.344.191	1.199.490	1.130.403	

Skuldir

Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	31.565	39.758	30.925	15.619
Innlán viðskiptavina	698.575	679.455	618.313	578.959
Afleiðusamningar og skorstöður	9.533	6.936	6.219	5.521
Lántaka	398.225	387.274	306.381	300.976
Víkjandi lán	25.259	27.194	22.674	16.216
Skattaskuldir	5.947	5.450	7.853	7.150
Aðrar skuldir	30.660	11.920	27.063	29.649
Skuldir samtals	1.199.764	1.157.987	1.019.428	954.090
Eigið fé				
Hlutfé	10.000	10.000	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár	55.000	55.000	55.000	55.000
Varasjóðir	6.353	6.181	7.065	6.499
Óráðstafað eigið fé	113.335	113.529	105.569	102.496
Eigið fé hluthafa Íslandsbanka hf.	184.688	184.710	177.634	173.995
Hlutdeild minnihluta	783	1.494	2.428	2.318
Eigið fé samtals	185.471	186.204	180.062	176.313
Skuldir og eigið fé samtals	1.385.235	1.344.191	1.199.490	1.130.403

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

	31. mars		Uppgjör ársins		
	2021	2020	2020	2019	2018
					(101.519)
)
Handbært fé (til) frá rekstri	269	3.599	(80.724)	18.333	
Fjárfestingarhreyfingar	(34)	(371)	(2.964)	(552)	3.291
Fjármögnunarhreyfingar	14.385	2.136	46.715	(8.281)	54.186
Hækkun (lækkun) á handbæru fé og ígildi þess	14.620	5.364	(36.973)	9.500	(44.042)
Áhrif gengisbreytinga	(54)	177	160	(222)	(193)
Handbært fé og ígildi þess í byrjun tímabils	115.668	152.481	152.481	143.203	187.438
Handbært fé og ígildi þess við lok tímabils	130.234	158.022	115.668	152.481	143.203

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir bankann

- Bankinn býr við útlánaáhættu og vera kann að hann geti ekki metið útlánaáhættu hugsanlegra lántaka með fullnægjandi hætti og veiti fyrirgreiðslu til viðskiptavina sem eykur við útlánaáhættu bankans, að auki inniheldur útlánasafn bankans tiltekin úrlausnarmál og virðisrýrð lán.
- Aukin útlánatöp bankans eða niðurfærslur vegna lána geta haft neikvæð áhrif á afkomu hans.
- Bankinn býr við aukna samkeppni og gerir ráð fyrir að samkeppni muni aukast.
- Bankinn er með útistandandi skuldbindingar í helstu atvinnugreinum Íslands, sérstaklega sjávarútvegi, á fasteignamarkaði og í ferðaþjónustu.
- Vera kann að eignastýringastarfsemi bankans geti ekki viðhaldið eða aukið við þær eignir sem eru í stýringu og er ennfremur undir þrýstingi hvað varðar framlegð þóknana.
- Bankinn reiðir sig á lykilstjórnendur sína.

- Styrkur íslenska hagkerfisins er enn viðkvæmur fyrir ýmsum innlendum og alþjóðlegum efnahagslegum og pólitískum þáttum.
- COVID-19 kann að hafa neikvæð áhrif á bankann.
- Bankanum ber að greiða skatta umfram hefðbundinn tekjuskatt fyrirtækja, sem leiðir til kostnaðar og samkeppnislegs óhagræðis.
- Breytingar á lagaumhverfi og fullnustuúrræðum gætu haft neikvæð áhrif á rekstur bankans.
- Bankinn gæti verið hluti af yfirstandandi, yfirvofandi eða fyrirhuguðum málaferlum og rannsóknum opinberra yfirvalda.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna?

Tegund og flokkur verðbréfa og ISIN	Verðbréfin sem tekin verða til viðskipta eru hlutabréf í bankanum. Öll hlutabréf í bankanum eru í sama flokki og njóta öll sömu réttinda samkvæmt samþykktum bankans. Hlutabréfin í bankanum er gefin út í samræmi við ákvæði laga, nr. 2/1995, um hlutafélög. Þau eru rafrænt skráð hjá Nasdaq CSD Iceland í samræmi við lög, nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglur sem byggja á þeim. Hlutabréfin verða skráð undir auðkenninu „ISB“ og ISIN númerinu: IS0000028538.
Gjaldmiðill verðbréfanna	Íslenskar krónur.
Nafnvirði hluta	Hlutafé félagsins er kr. 10.000.000.000 krónur. Hlutafé skiptist í 2.000.000.000 hluti, hver að nafnvirði fimm krónur, eða margfeldi þeirrar fjárhæðar.
Réttindi tengd verðbréfunum	Allir hlutir í bankanum eru jafn réttáir og engin sérréttindi fylgja þeim. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs hlutafjár á hluthafafundum. Réttindi hluthafa á hverjum tíma taka mið af samþykktum bankans og gildandi löggjöf.
Réttihæð verðbréfanna í fjármagnsskipan útgefanda ef til gjaldþrotaskipta kæmi	Við slit eða gjaldþrot hlutafélags fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum hlutafélags, eftir að allir aðrir kröfuhafar hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar.
Hömlur á meðferð hluta	Engar hömlur eru á meðferð hluta, að öðru leyti en kveðið er á um í lögum, þ.m.t. lögum, nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglur sem byggja á þeim.
Arðgreiðslustefna	Með hliðsjón af gildandi lögum á hverjum tíma stefnir bankinn á að greiða um það bil 50% af hagnaði sem grunn arð. Bankinn mun nýta umfram eigið fé sitt til að styðja við frekari arðgreiðslur, endurkaup eigin bréfa og/eða vöxt sem eykur arðsemi eigin fjár.

Sérstakar úthlutanir og arðgreiðslugeta

Bankinn gerir ráð fyrir að eiginfjárávöxtun nálgist fjárhagsleg markmið á meðallöngum tíma. Hins vegar ræðst tíðni og umfang sérstakra úthlutana, t.d. í formi endurkaupa á eigin bréfum eða með sérstökum arðgreiðslum, af ýmsum þáttum, þ.m.t. (án þess að takmarkast við) stýringu á gjaldeyrisójafnvægi, lausafjárstöðu bankans, aðgengi að fjármagnsmörkuðum, eiginfjárkröfum sem settar eru fram af hálfu FME, tilmælum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni („EBA“) og fleiri atriðum. Slík ávöxtun gæti líklega átt sér stað á nokkrum árum.

Eins og sakir standa er bankinn bundinn af takmörkunum um útgreiðslu arðs og endurkaup á hlutabréfum vegna heimsfaraldurs COVID-19. Slík útgreiðsla má ekki nema meira en sem nemur 25% af uppsöfnuðum hagnaði ársins 2019 og 2020, eða 0,4% lækkunar á eiginfjárþætti 1, hvort sem er lægra. Framangreindar takmarkanir gilda til 30. september 2021 og byggja á tilmælum EBA. Ekki er ljóst hvort eða hvernig takmarkanirnar verði framlengdar.

Stjórn bankans taldi skynsamlegt að fresta öllum viðbótar úthlutnum á óráðstöfuðu eigin fé þar til óvissan, sem leiðir af heimsfaraldri COVID-19, hefur minnkað.

Stjórn bankans mótaði arðgreiðslustefnuna eins og gerð er grein fyrir hér að framan í tengslum við útboðið og með það fyrir augum að stuðla að vel heppnuðu útboði og taldi, með hliðsjón af hagsmunum bankans, rétt að samþykkja arðgreiðslustefnuna.

Hvar munu viðskipi með verðbréfin fara fram?

Í kjölfar þess að lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands og að loknu útboðinu mun stjórn bankans óska eftir því að hlutabréf í bankanum verði tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?

Á ekki við. Verðbréfin eru ekki með ábyrgð.

Helstu áhættuþættir sem eiga sérstaklega við um verðbréfin

- Markaðsvirði hlutabréfanna sem boðin verða til sölu getur sveiflast og gæti farið niður fyrir útboðsgengið.
- Sala á umtalsverðum hlutum í bankanum í framtíðinni gæti haft neikvæð áhrif á markaðsverð hlutabréfanna.
- Geta bankans til að taka ákvörðun um arðgreiðslur í framtíðinni er háð ýmsum þáttum og bankinn getur ekki tryggt að greiddur verði arður í framtíðinni, eða, verði arður greiddur, að hann aukist með tímanum.
- Sveiflur í gengi gjaldmiðla gætu haft neikvæð áhrif á virði hlutabréfanna sem verða til sölu og arðgreiðslur fyrir erlenda hluthafa.

D. Helstu upplýsingar um útboðið og töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilmálum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Útboðið nær til þegar útgefinna hlutabréfa í bankanum sem seljandi er eigandi að. Seljandi mun ráðfæra sig við leiðandi söluráðgjafana og samþykkja endanlegan fjölda hlutabréfa sem seld verða í útboðinu. Gert er ráð fyrir að verð hlutanna sem seldir verða í útboðinu („**útboðsgengi**“) sé á bilinu kr. 71 og kr. 79 fyrir hvern hlut sem er til sölu og mun það verða ákveðið í tilboðsferli. Útboðsgengið verður ákvarðað í íslenskum krónum.

Með fyrirvara um styttingu, framlengingu eða frestun tímaáætlunar útboðsins, er útboðstímabilið að því er varðar almenna útboðið á Íslandi frá klukkan 9:00 GMT þann 7. júní 2021 til klukkan 12:00 GMT þann 15. júní 2021 („**útboðstímabilið**“). Engar pantanir verða samþykktar eftir að útboðstímabilinu lýkur (nema að seljandi ákveði sérstaklega að fresta útboðinu, eða framlengja það og í slíkum tilvikum verður gefinn út viðauki við þessa lýsingu, eins og við getur átt).

Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar þann 15. júní 2021 og gerðar aðgengilegar á heimasíðu bankans. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því að Nasdaq Iceland muni bregðast við umsókn bankans um töku hlutabréfa í bankanum til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Í kjölfar þess verða upplýsingar um úthlutun á hlutum sem verða til sölu til fjárfesta í útboðinu sendar fjárfestum (þ.e. staðfesting eða lækkun á pöntunum) þann 16. júní hafi Nasdaq Iceland ekki gert athugasemdir við umsókn bankans. Lokagjalddagi greiðslu fyrir úthlutaða hluti er 21. júní 2021 og gert er ráð fyrir því að hlutabréf verði afhent innan tveggja virkra daga frá því að greiðsla fyrir hlutabréf berst.

Seljandi mun hætta við útboðið ef Nasdaq Iceland hafnar umsókn bankans um að taka til viðskipta öll hlutabréf bankans á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Seljandi áskilur sér rétt til að hætta við útboðið ef ekki verða gerð tilboð í lágmarksfjölda þeirra hluta sem selja á í útboðinu, ef ekki fæst ásætlanlegt útboðsgengi innan útboðsverðbilsins, eða af einhverri annarri ástæðu, allt að eigin vild. Verði hætt við útboðið í samræmi við framangreint verða öll tilboð í hluti sem selja á í útboðinu, og úthlutanir gerðar á grundvelli þeirra, ógild vegna þess. Greint verður frá því opinberlega ef hætt verður við útboðið eða ef því verður flýtt, það framlengt eða því frestað og í slíkum tilvikum (ef frá eru talin tilvik þar sem hætt verður við útboðið) verður gefinn út viðauki við lýsinguna sem verður útbúinn, staðfestur og birtur í samræmi við 23. gr. lýsingarreglugerðarinnar og 5. gr. laga, nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Í slíkum tilvikum (ef frá eru talin tilvik ef hætt er við útboðið), munu fjárfestar eiga þess kost að afturkalla pantanir sínar.

Fjárfestar í almenna útboðinu á Íslandi geta fengið upplýsingar um útboðið og tilboðssíðu bankans www.islandsbanki.is/utbod. Frekari upplýsingar um útboðið fyrir fjárfesta sem taka þátt í flokki A eru aðgengilegar í síma +354 440 4000 eða í gengnum netfangið verdbref@islandsbanki.is, og fyrir fjárfesta sem taka þátt í flokki B í síma +354 440 4000 eða í gegnum netfangið ipo@islandsbanki.is. Fjárfestar geta nálgast upplýsingar í gegnum síma og tölvupóst milli 9:00 og 16:00 GMT á útboðstímabilinu.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er unnin í tengslum við útboð og töku hlutabréfa í bankanum til viðskipta. Bankinn greiðir allan kostnað af töku hlutabréfanna til viðskipta. Heildarkostnaður bankans er áætlaður kr. 750 milljónir og samanstendur af kostnaði sem hlýst af yfirferð og staðfestingu lýsingarinnar, þ.á m. vegna yfirvinnu starfsmanna, kostnaði við töku hlutanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland, þóknunum til ráðgjafa auk annars kostnaðar sem tengist beint töku hlutabréfanna til viðskipta. Seljandi greiðir allan kostnað sem tengist markaðssetningu og sölu hlutanna sem seldir verða.

Allt andvirði sölu hlutabréfanna sem verða seld rennur til seljanda og fær bankinn ekki neinn hluta andvirðisins. Heildarandvirði útboðsins sem rennur til seljanda er áætlað um kr. 42.614 milljónir (að því gefnu að útboðsverð verði miðpunktur útboðsgengisbils, fjöldi hlutabréfa sem seld verði sé miðpunktur milli 25,0% og 31,8% af útgefnum hlutum í bankanum og heimild til að selja fleiri hlutabréf sé ekki nýtt).

Samanlögð sölutryggingarþóknun, aðrar þóknunir og kostnaður sem greiddur verður af seljanda í tengslum við útboðið er áætlaður um kr. 1,378 milljónir (að því gefnu að útboðsverð verði miðpunktur útboðsgengisbils, fjöldi hlutabréfa sem seldur verði sé miðpunktur milli 25,0% og 31,8% af útgefnum hlutum í bankanum og heimild til að selja fleiri hlutabréf sé ekki nýtt). Hreint andvirði til seljanda er áætlað kr. 41.236 milljónir (að því gefnu að útboðsverð verði miðpunktur útboðsgengisbils, fjöldi hlutabréfa sem seldur verði sé miðpunktur milli 25,0% og 31,8% af útgefnum hlutum í bankanum og heimild til að selja fleiri hlutabréf sé ekki nýtt).

Bankinn, seljandi og söluráðgjafarnir hafa gert með sér samning um sölutryggingu („**sölutryggingar-samningurinn**“) að því er varðar hlutina sem seldir verða af seljanda í útboðinu. Með fyrirvara um tiltekin skilyrði, sem fram koma í sölutryggingarsamningnum, hefur seljandi samþykkt að selja hluti til kaupenda sem söluráðgjafarnir útvega. Fáist ekki kaupendur samkvæmt framangreindu verða hlutir seldir til söluráðgjafanna og sérhver þeirra hefur samþykkt að útvega kaupendur í samræmi við neðangreint. Takist það ekki, hefur hver söluráðgjafi samþykkt að kaupa af seljanda, eftir atvikum, hlutfall hlutanna sem seldir verða eins og þeir eru tilgreindir í neðangreindu yfirliti.

Söluráðgjafar	Hlutfall boðið í útboðinu
Citigroup Global Markets Europe AG.....	36.54%
Íslandsbanki hf. (*).....	—
J.P. Morgan AG.....	36.54%
Barclays Bank Ireland PLC.....	13.28%
HSBC Continental Europe.....	6.64%
Fossar Markaðir hf. (*).....	—
Landsbankinn hf.....	3.00%
Arion banki hf.....	2.00%
Kvika banki hf.....	2.00%
Arctica Finance hf. (*).....	—
Íslenskir fjárfestar hf. (*).....	—
Íslensk verðbréf hf. (*).....	—
Samtals	100.0%

(*) fer með hlutverk söluráðgjafa en sölutryggir enga hluti sem seldir verða í útboðinu.

Í sölutryggingarsamningnum er kveðið á um að skuldbindingar söluráðgjafanna til að útvega kaupendur að hlutabréfunum sem seld verða og takist það ekki skuldbindingar söluráðgjafanna til að kaupa hlutabréfin sem seld verða, séu háðar tilteknum skilyrðum og getur þeim verið sagt upp af söluráðgjöfunum við tilteknar kringumstæður sem taka mið af hefðbundnum viðmiðum. Ákveði söluráðgjafar að segja upp skuldbindingum sínum getur það leitt til þess að hætt verði við útboðið. Komi til þess að hætt verði við útboðið verða engin hlutabréf afhent. Samkvæmt sölutryggingarsamningnum mun bankinn tryggja söluráðgjafana fyrir tileknum skuldbindingum og tengdum kostnaði, eða mun reiða af hendi greiðslur sem söluráðgjöfunum kann að verða gert að greiða vegna slíkra skuldbindinga.

Engir meiriháttar hagsmunaárekstrar eru til staðar varðandi útboðið eða töku hlutabréfa í bankanum til viðskipta.